

## Verklagsreglur um lækni­rannsókn á fólki sem flyst til landsins

1. *Dvalarleyfisumsækjendur* frá Mið- og Suður-Ameríku, þ.m.t Mexíkó, Evrópu utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Asíu eða Afríku skulu gangast undir lækni­rannsókn vegna sótt­næmra sjúkdóma. Hafi umsækjandi fullgilt erlent lækni­svottorð að mati lækni­, sbr. 2. lið., og sé það ekki eldra en þriggja mánaða þarf viðkomandi ekki að hlíta lækni­rannsókn. Íbúar frá EES (annarra en Rúmeníu og Búlgaríu, sbr. fylgiskjal 1), Sviss, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Nýja Sjálandi og Ísrael þurfa ekki að framvísa slíku lækni­svottorði.
2. Lækni­rannsókn á við um:
  - a) Almenna skoðun sem gefur vísbendingu um heilsufarsástand þess sem sækir um dvalarleyfi. Kanna skal hvaða bólusetningar dvalarleyfisumsækjandi hefur fengið. Sé bólusetningum ábótavant skal tryggja að þeim sé boðin bólusetning í samræmi við bólusetningar barna hér á landi. Ef tilkynningaskyldur sjúkdómur greinist, sbr. reglugerð. nr. 129/1999 skal samráð um meðferð og eftirlit haft við göngudeild sem sinnir slíkum sjúkdómum, sbr. reglugerð nr. 414/2007.
  - b) Berkla: Berklahúðpróf skal gera hjá þeim sem eru 35 ára og yngri. Bendi húðpróf til berklasmits skal taka röntgenmynd af lungum. Röntgenmynd skal tekin af þeim sem eru eldri en 35 ára. Ef fólk hyggst dvelja skemur en eitt ár má takmarka berklaskoðun við röntgenmynd af lungum, sbr. 5. lið.
  - c) Þarmasmit: Saurrannsókn (ræktun og smásjárskoðun) skal gera hjá þeim sem hafa einkenni eða hafa haft einkenni frá meltingarvegi. Leita skal að þarmasmiti sem er tilkynningaskyldt (salmonella, sígella, kampýlóbakter og *Giardia lamblia*). Slíka leit skal gera hjá öllum börnum yngri en sex ára án tillits til einkenna.
  - d) Lifrabólgu B: Leita skal að lifrabólgu B nema ef viðkomandi hyggst dvelja skemur en eitt ár sbr. 5. lið.
  - e) HIV: Gera skal HIV próf nema ef viðkomandi hyggst dvelja skemur en eitt ár sbr. 5. lið.
  - f) Kynsjúkdóma: Rannsaka ber þá sem hafa einkenni um kynsjúkdóm eða ef rökstuddur grunur um kynsjúkdóm vaknar. Gera skal sárasóttarpróf með mótefnamælingu nema ef viðkomandi hyggst dvelja skemur en eitt ár sbr. 5. lið.
3. Lækni­rannsókn tekur til þeirra smitsjúkdóma sem ógna heilsu manna á hverju því landsvæði sem komið er frá.  
Rannsóknin skal gerð samkvæmt ákvörðun sóttvarnalækni­ eftir að honum hefur borist tilkynning um hættuna, sbr. 14. gr. laga nr. 19/1997 og alþjóðaheilbrigðisreglugerð (2005) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

4. Börn, sem flust hafa til landsins frá svæðum þar sem berklar eru útbreiddir (sbr. 1. lið og 2. lið b og fylgiskjal 2), skal berklahúðprófa í tengslum við umsókn um dvalarleyfi þegar þau koma til landsins. Við upphaf skólagöngu þessara barna skal ganga úr skugga um hvort gerð hafi verið læknisrannsókn skv. 2. lið þ.m.t. berklahúðpróf í tengslum við umsókn um dvalarleyfi. Hafi það ekki verið gert skal gera slíka læknisrannsókn á göngudeild sem sinnir tilkynningaskyldum sjúkdómum, sbr. reglugerð nr. 129/1999 og reglugerð nr. 414/2007. Tryggja skal eftirfylgni með læknisrannsókn slíkra barna innan heilsugæslunnar eða á göngudeildum sem sinna slíkum sjúkdómum.  
Ef læknisrannsókn með berklahúðprófi er gerð utan Reykjavíkursvæðisins skal hafa samráð um framkvæmdina við göngudeild sem sinnir tilkynningaskyldum sjúkdómum, sbr. reglugerð nr. 129 /1999 og reglugerð nr. 414 / 2007.
5. Læknisrannsókn vegna tímabundins dvalar- og atvinnuleyfis, námsdvalar eða vistráðningar:
  - a) Allir þeir sem sækja um *dvalar- og atvinnuleyfi* vegna tímabundinna starfa á Íslandi (allt að einu ári) sbr. 1. lið skulu hlíta læknisrannsókn til að uppfylla lagaskilyrði um fullnægjandi heilbrigðisvottorð.
  - b) Læknisrannsóknin tekur til almennrar læknisskoðunar. Berklarannsókn sem fólgin er í röntgenmynd af lungum skal gerð hafi viðkomandi dvalið meira en eitt ár sl. 10 ár á landsvæðum þar sem berklar eru útbreiddir sbr. fylgiskjal 2 þar að lútandi.
  - c) Leiði læknisrannsókn í ljós að viðkomandi kunni að vera haldinn tilkynningaskyldum smitsjúkdómi skal hann rannsakaður sérstaklega til að staðfesta eða útiloka greininguna.
  - d) Þau ríki þar sem berklar eru landlægir eru talin í fylgiskjali 2 með þessum verklagsreglum. Listinn byggir á berklatilkynningum aðildarríkja Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO report 2006).
6. Greiðsla vegna læknisrannsókna sem gerðar eru vegna umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi og eru í samræmi við verklagsreglur sóttvarnalæknis skulu greiðast af vinnuveitanda eða þeim sem sækir um dvalar- eða atvinnuleyfi sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 414 / 2007. Leiði frekari læknisrannsókn í ljós þörf fyrir frekari sértækar rannsóknir þá greiðir viðkomandi eða sjúkratrygging hans kostnað við þau heilsufarslegu vandamál sem greinast fyrstu sex mánuðina sem dvalið er í landinu. Læknisrannsókn sem vinnuveitandi óskar sérstaklega eftir greiðist af vinnuveitandanum.
7. Læknabréf um skoðun og rannsóknir fullorðinna innan sem utan höfuðborgarsvæðisins skulu send og varðveitt á Miðstöð sóttvarna, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og læknabréf um börn skulu send og varðveitt á göngudeild smitsjúkdóma á Barnaspítala Hringins.
8. Verklagsreglur þessar eru settar með stoð í reglugerð nr. 414/2007

*Seltjarnarnesi, 12. júlí 2007*

*Sóttvarnalæknir*

júlí 2007

**Fylgiskjal 1.**

Ríki Evrópska efnahagssvæðisins (EES) ásamt Sviss.

Austurríki
Belgía
Bretland
Danmörk
Eistland
Finnland
Frakkland
Grikkland
Holland
Írland
Ítalía
Kýpur
Lettland
Liechtenstein
Litháen
Lúxemborg
Malta
Noregur
Portúgal
Pólland
Slóvakía
Slóvenía
Spánn
Sviss
Svíþjóð
Tékkland
Ungverjaland
Þýskaland

## Fylgiskjal 2.

Fylgiskjal með verklagsreglum um lækni-rannsókn á fólki sem flyst til landsins vegna tímabundins dvalar- og atvinnuleyfis, námsdvalar eða vistráðningar og hafa dvalið á landsvæðum þar sem sérstök hættu er vegna útbreiðslu alvarlegra smitsjúkdóma.

Verklagsreglurnar taka til eftirtaldrá ríkja sem eru flokkuð eftir svæðaskiptingu WHO:

Afríka	Ameríka	Evrópa	Mið-Austurlönd	Suð-Austur Asía	Vestur Kyrrahaf
Alsír	Argentína	Albanía	Afganistan	Bangladesh	Brúnei Darússalam
Angóla	Bahamaeyjar	Armenía	Bahrain	Bútan	Filippseyjar
Benín	Belíze	Azerbajjan	Djíbútí	Indland	Fjís
Botswana	Bólvía	Bosnía / Herzegovina	Egyptaland	Indónesía	Franska Pólýnesía
Búrkína Fasó	Brasilía	Búlgaría	Írak	Maldiveyjar	Gúam
Búrúndi	Chile	Georgía	Íran	Mýanmar	Japan
Cape Verde	Costa Rica	Hvítarússland	Jemen	Nepal	Kampútsea
Erítreá	Dóminíkanska Lýðveldið	Kazakhstan	Kúvæit	Norður-Kórea	Kína
Eþíopía	Dóminíka	Kirghizistan	Líbía	Sri Lanka	Kína Hong Kong SAR
Fílabeinsströndin	Ekvador	Kósóvó	Marokkó	Thailand	Kína Makaó SAR
Gabon	El Salvador	Króatía	Pakistan	Tímor-Leste	Kíríbatí
Gambía	Guatemala	Makedónía	Qatar		Laos
Ghana	Gýana	Moldóvíka	Sómalía		Malaysía
Gínea	Haítí	Rúmenía	Súdan		Marshallseyjar
Gínea-Bissau	Hondúras	Rússland	Sýrland		Míkrónesía
Kamerún	Kólobía	Serbía & Montenegro	Túnis		Mongólía
Kenýa	Nikaragúa	Tajikistan			Náurú
Kongó	Panama	Túrkménistan			Norður Marianseyjar
Kongó, Alþýðulýðveldið	Paragvæ	Tyrkland			Nýja Kaledónía
Lesóthó	Perú	Ungverjaland			Palaú
Libería	Súrinam	Úkraína			Papúa Nýja Gínea
Madagaskar	Úrúgvæ	Úzbekistan			Samóa
Malawi	Venesúela				Singapore
Malí					Solomoneyjar
Máritanía					Suður-Kórea
Miðafríkulýðveldið					Tokelau
Miðbaugs Guinea					Tonga
Mózámbík					Túvalú
Namibía					Vanúatú
Níger					Víetnam
Nígería					Walliss & Futuneyjar
Rúanda					
Saó Tóme og Príncipe					
Senegal					
Seychelleeyjar					
Sierra Leóne					
Suður-Afríka					
Swaziland					
Tanzanía					
Tchad					
Tógó					
Úganda					
Zambía					
Zimbabwe					